

Hvernig valdirðu sérgrein þína? Hvar lærðir þú og hvaða ráð viltu gefa ungum læknum?

Barnalækningar og innkirtlalækningar barna og unglinga – frábært „val“!

Eftir menntaskóla árin í MH hafði ég óljósar hugmyndir um hvað ég vildi verða þegar að ég yrði stór, reyndar snemma hávaxinn. Hafði mikinn áhuga á náttúruvísindum almennt, líffræði og jarðfræði efst á blaði. Margir af félögum um stefndu á læknisfræði sem ég ákvað að láta reyna á. Framan af var námið frekar þurrt og lítið gert til að gera það áhugavert. Allt breyttist þegar klíniska námið byrjaði.

Eftir útskrift 1985 hafði ég þekkt boð um vinnu í sex mánuði á heilsugæslu í Skara, Skaraborg, Svíþjóð. Þar fékk maður aðlögun þess tíma, það er: sýnd stöðin og síðan á vaktina eftir hádegis. Góður tími meðan sænskan síaðist inn. Þessi tími reyndist líka vel því síðan fékk ég allt sem ég vildi á kándídatárinu. Lyflækningar á Borgarspítala og sex mánuði á barnadeildinni á Landakoti. Landakot reyndist vendipunktur, ég hafði hugsað mér heilsugæslulækningar en barnalæknarnir Þröstur Laxdal, Sævar Halldórsson og Árni V. Þórsson sögðu það af og frá, ég ætti að verða barnalæknir. Mjög ánægður með þá hvatningu í dag.

Úr varð eins og hálfis árs vinna á barnadeildinni á Landakoti og hálf tannað ár í lyflækningum á Borgarspítalanum. Gaman á báðum deildum, en barna átti betur við mig. Mikil vinna var á þessum árum, sérstaklega á Landakoti, tvískiptar vaktir í sex mánuði og síðan þrískiptar sem ég bætti upp með þyrluvöktum hjá Landhelgisgæslunni, minni óþarfur frítími. Þegar leikskólakennarnir á Njálshöfðum höfðu ekki séð mig í hálf tannað ár og dóttirin alltaf sagt að ég væri í vinnunni spurðu þær mömmuna hvort við værum að skilja. Sem betur fer er vinnutíminn öðruvísi í dag þó klíniska þjálfunin hafi verið ómetanleg.

Þegar strákurinn okkar fæddist, 5 árum á eftir systurinni, tók ég hálfan dag í fæðingarorlof – geri aðrir betur 2025.

Út í sérnám skyldi haldið og við Friðrik Sigurbergsson barna- og bráðalæknir fórum til Borås í Svíþjóð. Góður tími og mikil þjálfun í tvö ár. Komumst í tæri við rannsóknir fyrir alvöru. Kynntumst góðum vini, Nele Sigurs, sem spurði hvort við gætum ekki gert eitthvað við börn með *respiratory syncytial bronchiolitis* sem höfðu streymt inn fyrsta veturinn og við haldið skrá yfir greiningar. Úr varð mikil rannsóknarverkefni með síðustu eftirfylgd við 18 ára aldur og ég á leið í ofnæmislækningar barna! Þá greip Árni V. Þórsson aftur í taumana og spurði hvort ég ætlaði ekki í innkirtlalækningar. Ég hafði kynnst þeim af Árna á Landakoti, og jú það gæti verið áhugavert.

Skrifaði því til Gautaborgarog fékk í framhaldinu símtal í lok júlí 1991 og spurt hvort ég gæti byrjað afleysingu í næstu viku. Fékk mánaðarfrest til að ganga frá mínum málum í Borås. Fjórum mánuðum seinna var ég byrjaður í innkirtlalækningum á Östra sjúkhuset og aldrei séð eftir því.

Lyflækningar á Borgarspítala og sex mánuði á barnadeildinni á Landakoti. Landakot reyndist vendipunktur, ég hafði hugsað mér heilsugæslulækningar en barnalæknarnir Þröstur Laxdal, Sævar Halldórsson og Árni V. Þórsson sögðu það af og frá, ég ætti að verða barnalæknir.



Ragnar Bjarnason

barnalæknir og innkirtlalæknir barna og unglinga

Þar var öflug klíník þar sem mjög reyndur og duglegur klíníker var við störf, Otto Westphal, og mikil rannsóknarvinna sem Kerstin Albertsson-Wikland stóð fyrir. Hún tók mér vel og vildi fá mig í rannsóknarvinnu. En úr varð að ég valdi að vinna með Lenu Carlsson, þá nýkominni úr post doc í Bandaríkjunum. Á „gamals aldri“ lá því leiðin í „hard core molekúlar biologi“. Skrýtið fyrir sjóaðan klíníker að kunna ekkert í því sem hann hellti sér út í, en lærdómsríkt og gaman. Úr varð doktorspróf, post doc í London, docentur og síðan staða við Gautaborgarháskóla. Samtals 13 góð, en oft fátæk, ár í Svíþjóð, þar af eitt ár í London. Var kominn með háskólastöðu í Gautaborg en Ísland togaði.

Fjölskyldan flutti heim 2002 og ég tók 50% stöðu á Barnaspítalanum en ég hélt 50% vinnu við Gautaborgarháskóla í 5 ár. Góður tími í Svíþjóð en gott að koma heim. Hef náð að halda áfram rannsóknnum samhliða klínískri vinnu og verið 14 ár sem yfirlæknir. Mæli eindregið með vísindavinnu með klíník, hvort tveggja mjög skemmtilegt en ólíkt.

Það eru forréttindi að finna vinnu sem er alltaf jafn skemmtileg og fjölbreytt og barna- og innkirtlalækningar. Engir tveir dagar eins og börn eru skemmtileg að vinna með. Ég hef verið heppinn með samstarfsfólk í öllum starfsstéttum.

Vandið valið og finnið þá fjöl sem hentar ykkur og hlustið á ráð og ábendingar varðandi starfsval!

Snemma beygist krókurinn

Árið 1986 var örlagaríkt ár, ég var átta ára og fylgdist vikulega með þýsku sjónvarpsþáttunum „Sjúkrahúsið í Svartaskógi“ hjá ömmu og afa. Ég ákvað þá og þegar að verða læknir. Seinna sama ár var undirsérgræin valin, barnalækningar. Mamma var hjúkrunarfræðingur á Barnaspítalanum, sem mér þótti spennandi, og litla systir mín var eitt sinn lögð þar inn vegna lungnabólgu og fékk sýklalyf í æð. Mér þótti þetta alveg stórkostlegt, þarna ætlaði ég að vinna. Ég hætti alveg við fyrri áform um að eignast sjoppu og banka sem prentaði peninga. Þegar þetta lá fyrir gat ég áhyggjulaus notið barnæskunnar og skemmt mér á menntaskólaárunum, ég vissi hvað ég ætlaði að verða þegar ég yrði stór.

Læknisfræði lærði ég í Háskólanum í Kaupmannahöfn, með stuttu stoppi sem skiptinemi í Læknadeild HÍ á þriðja og fjórða ári. Barnakúrsinn var á spítalanum í Holbæk. Eftirvæntingin var mikil enda hafði ég beðið lengi. Ég varð ekki fyrir vonbrigðum, þarna voru frábærir barnalæknar sem nutu þess að kenna og ég man ekki eftir að hafa skemmt mér jafn vel í neinu prófi eins og verklega og munnlega prófinu í barnalæknisfræði.

Eftir kándíðatsár á Landspítala starfaði ég í eitt ár á Barnaspítala Hringins. Árið á Barnaspítalanum var lærdómsríkt, Árni Þórsson og Ragnar Bjarnason sinntu börnum með innkirtlasjúkdóma sem mér fannst strax áhugavert en frekar snúið. Leiðin lá síðan til Svíþjóðar í sérnam. Við fjölskyldan settumst að í Lundi en spítalinn, Skånes universitetssjúkhus, er bæði með starfsemi í Malmö og Lundi, sem jók á fjölbreytnina enda ólíkar borgir. Í Malmö er mjög sterk hefði fyrir barnainnkirtlalækningum og rann-

sóknum á því sviði. Leiðbeinandi minn í sérnáminu er barnainnkirtlalæknir og mjög virk í rannsóknum í sykursýki hjá börnum og unglingum. Svo skemmtilega vildi til að Ragnar hafði verið andmælandi hennar þegar hún varði sína doktorsritgerð, þetta var kannski einhver vísbending. Hún var ekki lengi að smita mig af sínum brennandi áhuga og kynna mig fyrir heimi vísindanna. Doktorsnám og undirsérgræin í barnainnkirtlalækningum var ekki á planinu árið 1986. Ég var aðeins treg til þess að hefja doktorsnám samhliða sérnámi í fyrstu en prófessornum sem stýrði rannsóknarteyminu fannst ekkert vit í öðru, maður með mikinn sannfæringarkraft og óbilandi áhuga. Seinna komst ég að því að hann var einn af þeim sem uppgötvuðu betafrumumótefni á meðan ég horfði á „Sjúkrahúsið í Svartaskógi“. Aðstæður til þess að stunda doktorsnám samhliða sérnámi voru einstaklega góðar, rann-

Eftir kándíðatsár á Landspítala starfaði ég í eitt ár á Barnaspítala Hringins. Árið á Barnaspítalanum var lærdómsríkt, Árni Þórsson og Ragnar Bjarnason sinntu börnum með innkirtlasjúkdóma sem mér fannst strax áhugavert en frekar snúið. Leiðin lá síðan til Svíþjóðar í sérnam.



Berglind Jónsdóttir
barnalæknir og sérfræðingur í
innkirtlasjúkdómum barna

sóknarstofan var á spítalalóðinni og vinnan þar góð tilbreyting frá klínískri vinnu.

Teymið í barnainnkirtlalækningum samanstóð af einstaklega áhugasömum og skemmtilegum læknum og hjúkrunarfræðingum, það ýtti svo sannarlega undir val mitt á undirsérgræin. Kennslan var öflug og sérfræðingarnir lögðu mikið upp úr því að við yngri lækarnir tækjum snemma ábyrgð og fengjum að taka að okkur flóknari tilfelli undir handleiðslu. Það er enn gott að geta leitað til vina minna í Skåne.

Eftir 10 ár í Svíþjóð snéri ég aftur á Barnaspítala Hringins, þangað var gott að koma, eins og ég vissi svo sem árið 1986. Boðleiðirnar stuttar og auðvitað einstakir kollegar. Barnainnkirtlalækningar eru fjölbreyttar, innkirtla- og efnaskiptasjúkdómar greinast á öllum aldri, og sjúkdómarnir margir. Þannig getur vinnudagurinn byrjað á veikum nýbura á vökudeild og yfir daginn sinnir maður leikskólabörnum, skólakrökkum og skemmtilegum unglingum með mismunandi áskoranir.

Ég ráðlegg ungum læknum að fylgja sinni sannfæringu og velja það sem þeim finnst skemmtilegast, það er oftast vænlegt til góðs árangurs.